

Reykjavík, 6. apríl 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (þskj. 649 í 450. máli)

Hinn 23. mars síðastliðinn óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur). Efni frumvarpsins hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi hagsmunahóps lausasölufyrirtækja innan SVP (hér eftir nefndur *lausasöluhópurinn*) og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Upplýsingar Hagstofu Íslands gefa til kynna að innflutningur á munntóbakslíki haldi áfram að vaxa. Verður ekki betur séð en að í desember 2021 hafi innflutningsmet verið slegið þegar hátt í 19 tonn voru flutt inn en þann mánuð nam heildar CIF-verðmæti innflutningsins nálega 300 millj. kr. Í janúar og febrúar á líðandi ári hefur innflutningurinn samtals numið tæplega 22,5 tonnum með rúmlega 250 millj. kr. CIF-verðmæti. Líklegast er innflutningurinn þó lítið eitt meiri en útlit er fyrir að villur hafi komið fram í ljósi breytinga á tollskrá.

Eins og áður hefur verið bent á ríkir hér á landi sammæli um skaðsemi tóbaksreykinga. Verður jafnframt að telja að gott sammæli ríki um fyrirkomulag tóbaksvarna, þ. á m. þær ströngu hömlur sem lagðar eru við markaðssetningu tóbaksvara. Þrátt fyrir afar góðan árangur í tóbaksforvörnum hér á landi er ljóst að fólki sem hefur ánetjast tóbaki reynist verulega erfitt að draga úr neyslu þess. Nikótínlyf hafa samþykkt ábendingu og aðstoða fólk við að hætta eða draga úr nikótínnotkun. Afar fátítt er að fólk hefji nikótínneyslu með neyslu nikótínlyfja enda er það beinlínis tilgangur þeirra að vera þeim til aðstoðar sem vilja hætta eða draga úr tóbaksneyslu. Þrátt fyrir það hefur löggjafanum þótt viðeigandi að takmarka aðgengi að nikótínlyfjum verulega. Að meginreglu eru nikótínlyf aðeins fáanleg í lausasölu í lyfjaverslunum en minnstu pakkningar þeirra og minnsta styrkleika má þó finna í öðrum verslunum. Nokkuð strangar reglur gilda um auglýsingar nikótínlyfja.

Á sama tíma eru tóbaksvörur fáanlegar víða en sýnileiki afar takmarkaður. Með lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir þær voru reistar ákveðnar hömlur við markaðssetningu slíkra vara en þær má þó nálgast mjög víða og án verulegra takmarkana á skammtastærðum. Hingað til hafa engar slíkar reglur gilt um aðrar nikótínvörur eins og nikótínþúða og þær náð verulegri útbreiðslu. Með frumvarpinu er stefnt að setningu takmarkana við markaðssetningu og sýnileika rafretta og áfyllinga fyrir þær auk nikótínvara. Má segja að takmarkanirnar nálgist að vissu leyti takmarkanir tóbaksvara.

Þrátt fyrir að frumvarpið hafi tekið breytingum síðustu ár hefur ekki tekist að koma því í það form að það leiði ekki af sér ósamræmi. Stingur verulega í stúf að áfram sé gert ráð fyrir verulegum hömlum á afhendingu nikótínlyfja á sama tíma og fyrirkomulag smásölu rafretta og nikótínvara verður í raun fest í sessi. Ef fara á þá leið sem er boðuð í frumvarpinu og haga heimildum til sölu og markaðssetningar á rafrettum og nikótínvörum eins og þar er gert ráð fyrir verður að gæta að samræmi og rýmka samhliða heimildir á sölu nikótínlyfja. Öðrum kosti verður staðan sú að aðgengi neytenda að rafrettum og nikótínvörum, og jafnvel tóbaki, verður í raun betra en að nikótínlyfjum. Þannig verður lýðheilsusjónarmiðum ekki einvörðungu vikið til hliðar heldur komið á fót fyrirkomulagi ómálefnalegra samkeppnishindrana. Í því samhengi verður að hafa í huga að Ísland er eina Norðurlandapjóðin sem heldur úti hömlum á sölu nikótínlyfja.

Í ljósi framangreinds leyfir lausasöluhópurinn sér að leggja til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu:

Við 27. gr. bætist ný efnismálgrein, svohljóðandi:

Lyjalög, nr. 100/2020: Í stað orðanna „minnstu pakkningarnar og minnsta styrkleika nikótín- og flúorlyfja“ í b-lið 19. tölul. 3. gr., „minnstu pakkningar og minnsta styrkleika nikótínlyfja og flúorlyfja“ í 3. mgr. 30. gr. og „minnstu pakkninga og minnsta styrkleika nikótínlyfja og flúorlyfja“ í 1. másl. 2. mgr. 33. gr. komi: Nikótínlyf og minnstu pakkningarnar og minnsta styrkleika flúorlyfja; nikótínlyfja og minnstu pakkningar og minnsta styrkleika flúorlyfja; og: nikótínlyfja og minnstu pakkninga og minnsta styrkleika flúorlyfja.

Virðingarfyllt,

f.h. hagsmunahóps lausasölufyrirtækja innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur